

Fyrirspurn

til landbúnaðarráðherra um úthlutun sérstaks greiðslumarks í sauðfjárrækt.

Frá Þuríði Backman.

1. Hvað líður ákvörðun ráðherra um að úthluta 7.500 ærgilda greiðslumarki til svæða sem sérstaklega eru háð sauðfjárrækt, sbr. yfirlýsingu ráðherra fyrir hönd ríkisstjórnarinnar þar að lútandi á Alþingi 9. maí árið 2000?
2. Hyggst ráðherra auglýsa eftir umsóknum um hlut í þessu greiðslumarki áður en til úthlutunar kemur?
3. Hafa verið mótaðar vinnureglur um hvernig staðið skuli að úthlutuninni og hvaða forsendur eru eða verða lagðar til grundvallar:
 - a. landgæði,
 - b. tekjur umsækjenda,
 - c. almennt atvinnuástand á viðkomandi svæði,
 - d. annað?

Skriflegt svar óskast.